

## Aðalfundur Góðvina Háskólans á Akureyri

2. september 2016 í stofu M201, aðalbyggingu HA, kl. 16.00

Fundinn sátu: Katrín Árnadóttir, Hafdís Erna Ásbjarnardóttir, Kristín Heba Gísladóttir, Árni V. Friðriksson, Kristjana Hákonardóttir, Agnes Eyfjörð, Helga Margrét Mason Jóhannesdóttir, Njáll Trausti Friðbertsson, Eyrún Elva Marinósdóttir, Guðrún Þóra Hallgrímsdóttir

### Fundargerð

Katrín Árnadóttir, starfsmaður Góðvina HA, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna.

#### 1. Kosning fundarstjóra og fundaritarara:

Lagt var til að Katrín Árnadóttir yrði fundastjóri og Hafdís Erna Ásbjarnardóttir yrði fundaritari. Tillögurnar samþykktar.

#### 2. Skýrsla stjórnar:

Formaður flutti skýrslu stjórnar fyrir síðastliðið starfsár.

- a. *Fjöldi Góðvina*  
Sendum 2.264 seðla og 182 voru greiddir. Fengum 455.000 fyrir árið 2015. Staða á reikningi er 1.806.840 um áramót.
- b. *Veittir styrkir*  
Kennslumiðstöð – endurhlaðanleg batterí. Fær styrk upp á 250 þús. Greitt skv. reikningi  
Vísindaskóli Unga fólksins. Fékk styrk upp á 150 þús.  
Tækjakaup fyrir bókasafnið. Myndavél, upplýsingaskjá og spjaldtölvu. 481.780 kr.  
Styrkur fyrir myndavél eða allt að 90 þús. Greitt samkvæmt reikningi.
- c. *Heiðursverðlaun við brautskráningu*  
Á brautskráningu Háskólans á Akureyri nú í sumar veittu Góðvinir þremur kandiðötum viðurkenningu fyrir ötult starf í þágu skólans. Nemendurnir – sem unnu meðal annars í nefndum og við kynningarstörf – fengu að launum gullnælur úr smiðju Kristínar Petru Guðmundsdóttur og er nælan vísan í Íslandsklukkuna sem trónir yfir háskólasvæðinu.  
Viðurkenningarnar hlutu:  
Sóldís Guðbjörg Ólafsdóttir (hug- og félagsvísindasvið)  
Hulda Sædís Bryngeirsdóttir (heilbrigðisvísindasvið)  
Katla Hrund Björnsdóttir (viðskipta- og raunvísindasvið)
- d. *Þátttaka í móttöku að lokinni brautskráningu*  
Að lokinni brautskráningu buðu Háskólinn á Akureyri og Góðvinir upp á léttu hressingu og áttu kandiðatar góða stund með sínum nánustu, samnemendum og starfsfólki háskólans.
- e. *Útgáfa fréttabréfsins*  
Fréttabréfið var með nýju móti í ár og var Geimstofunni falið að breyta uppsetningu og einfalda logo.
- f. *Nýr starfsmaður Góðvina*

Á árinu lét Kristín Ágústsdóttir af störfum sem forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs HA og starfsmaður Góðvina. Stjórn Góðvina vill koma á framfæri sérstökum þökkum til Kristínar fyrir gott og ötult starf fyrir Góðvini á síðustu árum. Um leið bjóðum við arftaka hennar, Katrínu Árnadóttur, velkomna til starfa við HA og sem starfsmann Góðvina.

### 3. Reikningar:

Agnes Eyfjörð gjaldkeri félagsins fór yfir rekstrar og efnahagsreiknings. Ásamt því að bera saman við fyrri ár.

### 4. Kosning stjórnar:

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir – gefur ekki kost á sér aftur.

*Ný stjórn:*

Njáll Trausti Friðbertsson

Eyrún Elva Marinósdóttir

Elva Gunnlaugsdóttir

Agnes Eyfjörð

Helga Margrét Mason Jóhannsdóttir

*Varastjórn:*

Aníta Einarsdóttir

Kristjana Hákonardóttir

Guðrún Þóra Hallgrímsdóttir

Óskar Vilhjálmsson

Árni V. Friðrisson

### 5. Árgjald

Árgjald var samþykkt:

- Tillaga stjórnar að árgjaldið verði áfram 2.500.-
- Tillaga stjórnar að árgjald fyrirtækja verði 25.000.-

### 6. Önnur mál

Katrín fjallar um Almunideild Góðvina og möguleika á nýju starfsári vegna 30 ára afmæli skólans.

Eyrún fjallar um mikilvægi þess að gera Facebook fyrir útskriftarárganga.

Rætt um Galakvöld sem er áætlað í september 2017.